

AUGLÝSING um hreindýraveiðar árið 2023.

Heimilt er að veiða allt að 901 hreindýr árið 2023. Þessi heimild er veitt með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun fjölda veiðiheimilda. Veiðitími tarfa er frá 1. ágúst til og með 15. september. Umhverfisstofnun getur þó, sbr. reglugerð nr. 486/2003 með áorðnum breytingum, að fenginni umsögn Hreindýraráðs, heimilað veiðar á törfum frá 15. júlí, að því tilskyldu að þeir séu ekki í fylgd með kúm og að þær veiðar trufla ekki kúr og kálfa í sumarheit. Veiðitími kúa er frá 1. ágúst til 20. september. Fyrstu tvær vikur veiðitíma skulu veiðimenn og leiðsögumenn í lengstu lög forðast að fella mylkar kúr og veiða af fremsta megni geldar kúr.

Óheimilt er að veiða kálfa. Veturgamlir tarfar eru alfríðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri tarfa.

Veiðiheimildir árið 2023 skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Kúr	Tarfar	Alls
Svæði 1	110	110	220
Svæði 2	15	15	30
Svæði 3	50	56	106
Svæði 4	52	18	70
Svæði 5	47	39	86
Svæði 6	33	64	97
Svæði 7	114	70	184
Svæði 8	22	22	44
Svæði 9	32	32	64
Samtals	475	426	901

Umhverfisstofnun auglýsir og sér um sölu allra veiðiheimilda.

Veiðisvæðin og skipting þeirra eftir sveitarfélögum er óbreytt frá fyrra ári.

Þrátt fyrir skiptingu veiðiheimilda eftir veiðisvæðum getur Umhverfisstofnun, í samráði við Náttúrustofu Austurlands, flutt veiðiheimildir milli samliggjandi veiðisvæða þyki sýnt að hjarðir hafi fært sig milli þessara veiðisvæða eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða nr. 486/2003.

Á veiðisvæði 8 er heimilt að úthluta allt að 12 leyfum af kúaveiði frá 1. til 20. nóvember til þess að dreifa veiðiálagi á hjarðir á veiðisvæðinu.

Í því skyni að draga úr líkum á að hreindýrin á veiðisvæði 9 leiti milli sauðfjárveiki-varnarhólfa yfir í Örefasveit skulu 18 tarfar og 22 kúr af dýrum Suðursveitar veidd á Breiðamerkursandi og fjalllendi þar upp af eftir fremsta megni. Á veiðisvæði 9 er heimilt að úthluta allt að 22 leyfum af kúaveiði frá 1. til 20. nóvember til þess að dreifa veiðiálagi á hjarðir á veiðisvæðinu.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða, nr. 486/2003, er Umhverfisstofnun heimilt að gera ráðstafanir til þess að veiði dreifist sem jafnast á veiðitímann á hverju svæði.

Veiðiheimildir þessar eru auglýstar í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða með áorðnum breytingum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar,

sbr. 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með áorðnum breytingum.

Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu, 2. febrúar 2023.